

RAFÍ3RM05

Búið til: Mon, 18 Oct 2021 11:31:34 GMT

Titill

Rafíþróttir og rafíþróttamenning

Skammstöfun

RAFÍ3RM05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

Rafíþróttir

Viðfangsefni

Rafíþróttamenning

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Nemendur dýpka þekkingu sína á rafíþróttum og rafíþróttamenningu heima og að heiman. Nemendur eru búnir undir hvernig hægt er að kynna og spila rafíþróttir í nærumhverfi sínu, í félagastarfsemi eða í frístundastarfi. Nemendur skipuleggja æfingaleiki og sýna frá þeim. Prófa mismunandi forrit tengd rafíþróttiheiminum og spilun. Nemendur fræðast enn frekar um áhrif heilsutengdra þátta sem hafa áhrif á frammistöðu rafíþróttaspilara eins og svefns og næringar, líkamsbeitingar og vinnuaðstöðu. Nemendur fá að kynnast markaðs- og viðskiptahlið rafíþróttar og fá fræðslu um fjármálalæsi í rafíþróttiheiminum. Áhersla er lögð á þá rafíþróttaleiki sem sérstakur áhugi er á eða hentar vel aðstæðum hverju sinni. Nemendur rækti áfram hlutverk sitt, til dæmis spilari, þjálfari, eða skipuleggjandi, nemendur fá að hafa áhrif á efni áfangans og verkefni unnin út frá hlutverki þeirra. Á önninni taka nemendur þátt í undirbúningi fyrir rafíþróttamót.

Forkröfur

5 einingar í rafíþróttum á 2. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi markvissrar og skipulagðrar þjálfunar
- Mikilvægi heilsu, næringar, hreyfingar og svefns á frammistöðu sína
- Þjálfun í tölvuleikjaspilun í víðu samhengi
- Nauðsynlegum undirbúningi fyrir rafíþróttarviðburði
- Hvernig er að vera hluti af góðri liðsheild á jafnréttisgrundvelli
- Hvernig snerpa og andlegt og líkamlegt jafnvægi geta bætt frammistöðu leikmanna
- Hlutverki viðburðarstjóra í rafíþróttum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Stunda íþróttina markvisst
- Koma fram við aðra af virðingu
- Loka fjölbreyttar æfingar, teygjur og leiki
- Nota netið og/eða samfélagsmiðla til að vekja athygli á liði

- Beita skapandi lausnamiðaðri hugsun
- Stunda hreyfingu sem styrkir og gefur meira úthald til leikjaspilunar
- Undirbúa þátttöku í rafíþróttarmóti eins og t.d. framhaldsskólaleikana

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Taka þátt í skipulögðum æfingum í rafíþróttum
- Þekkja tengsl andlegrar, félagslegrar og líkamlegrar heilsu
- Að þekkja og skilja tilfinningar sínar
- Skipuleggja og halda viðburði
- Gefa og taka við uppbyggilegri gagnrýni
- Eiga jákvæð og skilvirk samskipti við liðsfélaga
- Þekkja jafnrétti í rafíþróttum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati.

Skólar

Fyrirmynd